

21. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA

Tuttugasti-og-fyrsti fundur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn miðvikudaginn 16. janúar 2013 kl. 9:00 í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir (SAF), Guðjón Bragason (SÍS), Sveinn Rúnar Traustason (FMS) og Helga Haraldsdóttir (ANR).

Fjarverandi: Sævar Skaptason (SAF)

Efni fundar: Fjármunir úr Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar:

Rædd var kynning Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum í gær 15. Janúar í tengslum við aukna fjármuni til sjóðsins í gegnum Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar en á þeirri kynningu komu fram fjöldi verkefna sem tilbúin er til framkvæmda og mikilvægt er að hefja vinnu við sem allra fyrst. Fram kom að stjórn sjóðsins tekur undir þau sjónarmið að verkefni þessi eru brýn og spennandi og að verkefni þessi eigi að vera gjaldgeng til styrkja úr sjóðnum skv. lögum nr. 75/2011 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Stjórnarmenn hafa áhyggjur af því að tíminn sé orðinn mjög skammur til að geta hafið framkvæmdir á þessu vori og ef farið er í hefðbundið auglýsingaferli þá væri ólíklegt að hægt væri að hefja framkvæmdir fyrr en í seinnipart sumars eða í haust. Mikilvægt þótti að geta flýtt þessu ferli á einn eða annan hátt amk. fyrir þau verkefni sem tilbúin eru til framkvæmda. Rætt var um hvaða sveigjanleika sjóðurinn hefur til frumkvæðisverkefna án auglýsingar og farið yfir lög og reglur sjóðsins í tengslum við það. Guðjón benti á að skv. lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða þá getur sjóðurinn haft „*frumkvæði að öflun upplýsinga frá yfirvöldum umhverfismála og öðrum hagsmunaaðilum um þörf á framkvæmdum sem falla undir gildissvið laga þessara*“.

Ákveðið var að senda bréf til Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum með ósk um að fá ítarlegar upplýsingar fyrir 1. feb. n.k. um hvaða verkefni væru tilbúin til framkvæmda 1. mars 2013. Stjórn sjóðsins mun á grundvelli þeirra upplýsinga taka ákvörðun um hvort veittir verði einhverjir styrkir til frumkvæðisverkefna, án auglýsingar, á þessu ári. Sveinn var beðinn um að gera uppkast að bréfi til forstöðumanna þessara þriggja stofnana.

Í framhaldi af þessari ákvörðun var rætt um önnur frumkvæðisverkefni og þmt. Geysir í Haukadál. Sjónarmið voru uppi um að betra væri að veita fullan styrk vegna Geysis þar sem hann er efstur á forgangalista sjóðsins. Eftirfarandi bókun var samþykkt í stjórn sjóðsins:

„Stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða telur rétt, í ljósi nýrra upplýsinga eftir fundi stjórnar sjóðsins með forstöðumönnum Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í gær, og eftir fund stjórnarformanns Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða í Fjármálaráðuneytinu í síðustu viku, að endurskoða tillögu sína um styrkveitingu til Sveitarfélagsins Bláskógabyggðar vegna verkefnisins „Geysir í Haukadál - hugmyndasamkeppni og deiliskipulagsvinna“. Lagt er til að upphæðin verði hækkuð úr 10 milljónum króna í 20 milljónir króna“.

Sveinn var beðinn um að gera uppkast að bréfi til ráðherra vegna þessarar tillögu um breytingar og breyta öllum fylgiskjölum í samræmi við það.

Fundi slitið kl. 10:00

Reykjavík 16. janúar 2013 /Sveinn Rúnar